

Hafnarfjarðarbær
Anna Sofía Kristjánsdóttir
Strandgata 6
200 Hafnarfjörður

Reykjavík, 3. október 2012

Tilvísun: 201209025 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð, frá Kaldárselsvegi að Áslandi

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. september 2012, þar sem breyting á deiliskipulagi Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð, frá Kaldárselsvegi að Áslandi, er send Skipulagsstofnun til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í skipulags- og byggingarráði 4. september 2012. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga og var tillagan í kynningu frá 5. júlí til 17. ágúst 2012. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.


Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti, dags. 28. febrúar 2011, í mkv. 1:3000 og eru greinargerð og hluti Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 á uppdrætti. Erindinu fylgdu ljósrit af auglýsingum og umsögnum Húsfriðunarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að Reykjanesbraut er tvöfölduð á kaflanum frá Kaldárselsvegi að Áslandi. Göngubrú milli Hvamma og Áslands, við vesturmörk skipulagssvæðisins, verður færð austar og stígum sem liggja að brúnni er breytt til samræmis við það. Gatan verður jafnframt lækkuð miðað við núverandi hæðarlegu.

Þessi breyting tengist breytingu á deiliskipulagi Reykjanesbrautar frá Áslandi og Hellnahrauni sem var auglýst samtímis.

Í greinargerð kemur fram að breytingin falli undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Málsmeðferð var þó ekki í samræmi við þessi lög því samráð skv. 6. gr. laganna fór ekki fram og ekki liggur fyrir umhverfisskýrsla. Í kaflanum "Umhverfismat - niðurstaða" kemur fram að "breyting þessi verður að teljast minniháttar þegar kemur að áhrifum á umhverfið". Ekki er ljóst hvernig hvernig þessi niðurstaða var fengin þegar ekki liggur fyrir umhverfisskýrsla. Umhverfismat framkvæmdarinnar, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, var unnið fyrir áratug og í millitíðinni hefur verið staðfest nýtt aðalskipulag fyrir Hafnarfjörð. Ekki er gerð grein fyrir því hvort forsendur, t.d. umferð, séu óbreyttar, eða hvort þessi breyting sé í samræmi við umhverfismatið frá 2002.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir innsend gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins þar sem málsmeðferð og umhverfismat var ekki samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 106/2005. Stofnunin telur jafnframt að ófullnægjandi grein sé gerð fyrir þeim breytingum sem verða á umhverfi götunnar, vegna breytinga á hæðarsetningu hennar, og hvort breytingarnar kalli á breytingar á aðliggjandi



deiliskipulagsáætlunum. Einnig eru uppdrættir óskýrir þar sem mikilvægar upplýsingar, um hluta götunnar eftir breytingu, vantar.

Leggja þarf mat á umhverfisáhrif deiliskipulagsbreytingarinnar skv. lögum um umhverfismat áæltana og auglýsa tillöguna að nýju.

Skipulagsstofnun bendir einnig á eftirfarandi:

- Í greinargerð kemur fram að breytingin felist í tvöföldun Reykjanesbrautar á kaflanum frá Kaldárselsvegi að Áslandi í þröngu sniði með 5 m miðdeili. Ekki er ljóst af uppdráttum hverju er verið að breyta vegna þess að afmörkun hluta götunnar vantar.
- Fram kemur að hluti brautarinnar verði lækkaður en ekki kemur fram á hvaða kafla brautin verður lækkuð, hve mikið, hvort það eigi við þann hluta sem þegar hefur verið lagður eða aðeins breikkunina og hvaða áhrif þetta hefur á aðliggjandi svæði og deiliskipulagsáætlanir.
- Göngubrú við Suðurbraut, sem nefnd er í greinargerð, tilheyrir skipulagsbreytingunni á kaflanum frá Áslandi og að Hellnahrauni.
- Samkvæmt uppdráttum verður göngubrú milli Hvamma og Áslands, við vesturmörk skipulags-svæðisins, færð austar og stígum sem liggja að brúnni er breytt til samræmis við það. Þess er ekki getið í greinargerð.
- Táknið ÓB 5 á svæðið milli Hvammahverfis og Reykjanesbrautar vantar á uppdráttinn sem sýnir breytinguna.
- Ekki er ljóst við hvað er átt með því sem fram kemur í greinargerð að leita skuli lögboðins samráðs við Hafnarfjarðarbæ.

Ólafur Brynjar Halldórsson
Ólafur Brynjar Halldórsson